

## AUGLÝSING

### um staðfestingu námsbrautarlýsinga framhaldsskóla.

#### 1. gr.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur skv. 23. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008 staðfest eftirfarandi námsbrautarlýsingar. Staðfesting felur í sér að lýsing á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, grunnþáttum og lykilhæfni og námsmati sé í samræmi við aðalnámskrá framhaldsskóla. Hinar staðfestu námsbrautarlýsingar teljast þar með hluti af aðalnámskrá framhaldsskóla, sbr. auglýsing nr. 674/2011.

Staðfestingin tekur ekki til einstakra áfangalýsinga heldur lýsingar á uppbyggingu námsbrauta, tengslum við atvinnulíf og/eða önnur skólastig, uppbyggingu náms á hæfniþrep, inntökuskilyrðum og skilyrðum um framvindu náms, upplýsingum um grunnþætti, lykilhæfni og námsmat.

Skólar bera ábyrgð á að áfangalýsingar námsbrauta og kennsla falli að hæfniviðmiðum brautar og þeim ramma sem aðalnámskrá setur skólastarfi.

Nánari upplýsingar um námsbrautir má finna á vef ráðuneytisins <http://www.menntamalaraduneyti.is/menntamal/framhaldsskolar/stadfestar-namsbrautarlysingar/>.

#### 2. gr.

Almenn braut, framhaldsskólapróf – hæfniþrep 2	(16-228-2-3)
Framhaldsskólabraut, framhaldsskólapróf – hæfniþrep 2	(16-213-2-3)
Geðhjúkrun sjúkraliða, framhaldsnám heilbrigðisgreina – hæfniþrep 4	(16-32-4-11)
Handrit og leikstjórni, viðbótarnám við framhaldsskóla – hæfniþrep 4	(16-239-4-11)
Klassísk tónlistarbraut, önnur lokapróf – hæfniþrep 3	(16-227-3-9)
Leiklist fyrir kvikmyndir, viðbótarnám við framhaldsskóla – hæfniþrep 4	(16-241-4-11)
Leikstjórni og framleiðsla, viðbótarnám við framhaldsskóla – hæfniþrep 4	(16-240-4-11)
Listmálarabraut, viðbótarnám við framhaldsskóla – hæfniþrep 4	(16-200-4-11)
Námsbraut netagerðar – netagerðarmaður – hæfniþrep 3	(16-181-3-8)
Rytmísk tónlistarbraut, önnur lokapróf – hæfniþrep 3	(16-225-3-9)
Skapandi tækni, viðbótarnám við framhaldsskóla – hæfniþrep 4	(16-242-4-11)
Tónlistarbraut – klassísk, stúdent – hæfniþrep 3	(16-222-3-7)
Tónlistarbraut – rytmísk, stúdent – hæfniþrep 3	(16-223-3-7)
Tölvuþónustubraut, framhaldsskólapróf – hæfniþrep 2	(16-192-2-3)
Öldrunarhjúkrun sjúkraliða, framhaldsnám heilbrigðisgreina – hæfniþrep 4	(16-33-4-11)

#### 3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 30. desember 2016.*

**Illugi Gunnarsson.**

---

*Karitas H. Gunnarsdóttir.*